


Skýrsla verkefnastjóra

Íslenska sem annað tungumál

2015-2016



Velkomin verkefnið hlaut Evrópumerkið 2015



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Hulda Karen Daniélsdóttir, verkefnastjóri

Febrúar 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Heimsóknir á vettvang	3
Verkefni	7
Störf á vegum félaga.....	11
Fjöldi nemenda.....	12
Framtíðarmarkmið.....	13

Inngangur

Skýrslan fjallar um ráðgjafarstörf og verkefni verkefnastjórans á árinu. Mörg verkefnanna hófust fyrir nokkru síðan og hafa verið tíunduð í ársskýrslum fyrri ára sem eru aðgengilegar hér: <http://www.samband.is/um-okkur/utgefid-efni/> undir Skólamál og þar undir Íslenska sem annað tungumál og fjölmening.

Verkefnin sem um ræðir eru *SÍSL verkefnið*, *Farandkennarinn á ferð um landið*, *Velkomin* og verkefni sem verkefnastjórinn hefur unnið í þágu Félags kennsluráðgjafa og Ísbrúar, félags kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál, en hann er formaður beggja félaganna.

Helsta áhersla SÍSL verkefnisins á árinu var að bjóða upp á 22 námskeið og þ.m.t. í fyrsta skipti, námskeið í PALS stærðfræði fyrir leikskóla og 1. bekk og námskeið í PALS stærðfræði fyrir 2.-6. bekk. Einnig hefur verkefnastjórinn reynt að fá til liðs við verkefnið einstakling sem er tilbúinn til að þýða og staðfæra PALS lestrarhandbók fyrir 1. bekk. Vonandi mun viðkomandi geta hafið þýðinguna strax í byrjun næsta árs.

Heimsóknir á vettvang

Verkefnastjórinn veitir m.a. ráðgjöf á vettvangi skóla og skólaskrifstofa og kemur að starfsþróun kennara vítt og breitt um landið með námskeiðum, leiðsögn í smiðjum og málstofum og á fræðslufundum. Hér fyrir neðan er tafla, en þó ekki tæmandi, yfir heimsóknir á vettvang á árinu. Verkefnastjórinn sá um skipulag og utanumhald SÍSL námskeiða og mætti á flest þeirra. Nokkrir fundir sem verkefnastjórinn sat eru skráðir í töfluna en þeir voru mun fleiri og of margir til að telja upp hér.

Dags.	Vettvangur	Erindi
06.01.	Egilsstaðir	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk
09.01.	Skólaskrifstofan í Kópavogi	Fundur um stefnu, móttöku og verklagsreglur vegna þjónustu túlka o.fl.
20.01.	Reykjavík	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk, opið kennurum af öllu landinu
22.-23. 01.	Reykjavík	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar, opið kennurum af öllu landinu
26.01.	Kársnesskóli	Fundur og ráðgjöf
04.02.	Pólski skólinn	Fundur og samráð
05.02.	Flataskóli	Fundur og ráðgjöf
06.02.	Reykjavík	Fundur um RTI
11.02.	Oddeyrar-, Glerárskóli og skólaskrifst. Akureyri	Fundir, ráðgjöf og kynning á Velkomin
11.02.	Giljaskóli á Akureyri	Fundur vegna stærðfræði PALS
12.02.	Húsavík	Erindi, fundir og ráðgjöf
13.02.	Húsavík	Erindi, fundir og ráðgjöf
16.02.	Grundaskóli á Akranesi	Farandkennarinn
21.02.	Ráðstefna Pólska skólans, Gerðubergi í Reykjavík	Flutti erindið: A Rear-View Look Looking back at 15 years of work as a teacher advisor and project manager
23.02.	Brekkubæjarskóli og Grundaskóli á Akranesi	Farandkennarinn
09.04.	Myllubakkaskóli í Keflavík	Fundir og ráðgjöf
09.04.	Gerðaskóli og Leikskólinn Gefnarborg í Garði	Fundir og ráðgjöf
13.04.	Smáraskóli í Kópavogi	Fundur um afburðarangur í PISA
05.05.	Grunnskólinn í Borgarnesi	Ráðgjöf og fundir
11.05.	Varmárskóli	Fundur með K-PALS kennurum
13.05.	Stokkseyri	Starfsdagur kennsluráðgjafa
28.05.	Varmárskóli	Fundur vegna K-PALS

29.05.	Reykjavík	Kynning á Velkomin
05.06.	Höfn í Hornafirði	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar
08.06.	Hvolsskóli og Grunnskólinn á Hellu	Fundir og ráðgjöf
08.06.	Hvolsskóli	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar
07.08.	Reykjavík	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar
11.08.	Reykjavík	Ísbrúarnámskeið, umsjón o.fl.
12.08.	Sunnulækjarskóli á Selfossi	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk
12.08.	Sunnulækjarskóli á Selfossi	SÍSL námskeið í K- PALS læsi
13.08.	Vogaskóli í Reykjavík	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk
13.08.	Reykjavík	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar
14.08.	Reykjavík	SÍSL námskeið í PALS stærðfræði fyrir 2.-6. bekk, opið kennurum af öllu landinu
14.08.	Reykjavík	SÍSL námskeið í PALS stærðfræði fyrir leikskóla og 1. bekk, opið kennurum af öllu landinu
19.08.	Kerhólsskóli í Grímsnesi	Ráðgjöf og fundir
20.08.	Varmárskóli	PALS lestur 2.-6. bekkur, upprifjunar- og hvatningarnámskeið
08.09.	Reykjavík	SÍSL námskeið í K-PALS læsi fyrir leikskólakennara og kennara sem kenna 1. bekk, opið kennurum af öllu landinu
10.09.	Reykjavík	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk, opið kennurum af öllu landinu
14.09.	Hvolsskóli og Leikskólinn Örk á Hvolsvelli	Ráðgjöf, fundir með stjórnendum, kennurum og foreldrum
15.09.	Grunnskólinn á Hellu og Leikskólinn Heklukot á Hellu	Ráðgjöf og fundir með stjórnendum og kennurum
15.09.	Laugaland	Ráðgjöf og fundir með stjórnendum og kennurum
16.09.	Kirkjubæjarskóli og Leikskólinn Kæribær á Kirkjubæjarklaustri	Ráðgjöf og fundir með stjórnendum og kennurum
16.09.	Víkurskóli í Vík í Mýrdal	Ráðgjöf og fundir
17.09.	Hraunvallaskóli í Hafnarfirði	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk
28. 09.	Grunnskólar í Grafarvogi	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk

01.10.	Patreksfjörður	Erindi á Skólamálalapingi
02.10.	Grunnskóli Vesturbyggðar	Fundir og ráðgjöf
02.10.	Skóli Ísaks Jónssonar	SÍSL námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk
13.10.	Vestmannaeyjar	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar, fyrri hluti
14.10.	Vestmannaeyjar	SÍSL námskeið í 6+1 vídd ritunar, seinni hluti
13.10.	Hraunvallaskóli í Hafnarfirði	SÍSL námskeið í K-PALS læsi fyrir leikskólakennara og kennara sem kenna 1. bekk
02.11.	Snæfellsbær	Erindi á Skólamálalapingi
03.11.	Grunnskóli Snæfellsbæjar	Ráðgjöf, fundir með stjórnendum, kennurum og foreldrum
04.11.	Lágafellsskóli í Mosfellsbæ	Ráðgjöf og fundir með stjórnendum og kennurum
05.11.	Kópavogsskóli	Ráðgjöf og fundir með stjórnendum og kennurum
10.11.	Garðabær	Kynning á Velkominn og K-PALS á fundi félags leikskólakennara
12.11.	Sæmundarskóli, Reykjavík	Námskeið í 6+1 vídd ritunar
18.11.	Selásskóli	Fundur og ráðgjöf

Starfsþróun verkefnastjórans, listinn er ekki tæmandi:

25.02.	Reykjavík	Málþing um læsi 25. febrúar February 10 ASCD Webinar námskeið
23.03.	Reykjavík	Menntabúðir um tæknimál
06.02.	Ingunnarskóli	Starfshættir grunnskóla
25.02.	Reykjavík	Ráðstefna um læsi á vegum Hafnarfjarðar
21.08.	Reykjavík	Námskeið um móðurmál
11.09	Reykjavík	Málþing um þjónustu túlka
15.-17 okt.	Reykjavík	Ráðstefnan <i>Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in multicultural societies</i>
19.10.	Reykjavík	Fundur kennara og annarra sérfræðinga með Jim Cummins
06.11.	Salurinn Kópavogi	Málþing: Sveitarfélög og flóttamannabörn

Verkefnastjórinn hélt erindi á ráðstefnunni *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in multicultural societies*. Ágrip (e. abstract) erindisins er hér fyrir neðan:

Abstract

Research Weds Practice Makes Perfect? Review of three Icelandic developmental projects

In accordance with law no. 92 regarding primary schools which took effect in 2008, Icelandic schools should implement a policy of inclusion. Following this, some receiving departments for students with Icelandic as a second language were closed down. In many cases, it was expected that homeroom and subject teachers would assume the work which receiving departments and special education teachers had previously shouldered. Before 2008, those departments and special education teachers were mostly responsible for the students, though they most often attended art and technology education with their classmates. It was also the case that they attended most classes, but were pulled out for Icelandic as a Second Language (Hulda Karen Daníelsdóttir, 2008; Hulda Karen Daníelsdóttir et al., 2010). Because of these changes, it became apparent that many teachers lacked the tools necessary to meet the needs of a diverse body of students – especially those with Icelandic as a second language. This need for tools was the impetus for the SÍSL developmental project.

SÍSL is an Icelandic acronym for what translates as Specialist Team in a Society that Learns. It was set into motion in 2008, with the aim of implementing best practices for Icelandic students in the spirit of inclusion; with the particular needs of second language learners in mind. Addressing this aim is still an urgent matter: recent studies indicate that teachers are still insecure when it comes to teaching students with Icelandic as a second language (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). With the goal of helping teachers accommodate diverse learners and promote their academic success; the project manager looked for methods that had, according to studies, proven successful. PALS (Peer Assisted Learning Strategies), 6+1 Traits of Writing, and SIOP (the Sheltered Instruction Observation Protocol) were chosen. This configuration of tools was then branded as SÍSL in order to make them accessible to teachers: a well-defined theoretical and methodological framework as a background to effective, well-researched best practices. SÍSL has, to date, trained over a thousand teachers in PALS, 6+1 Traits of Writing and conducted workshops in academic vocabulary. These methods have since taken root in many Icelandic schools. Studies on K-PALS in Iceland show good progress (Kristín Helga Guðjónsdóttir, 2014; and Kristín Svanhildur Ólafsdóttir and Anna-Lind Pétursdóttir, 2014).

In addition to SÍSL, the projects Travelling Teacher en Route and Welcome will be introduced. They have the common goals of supporting multicultural education; inclusion; partnership between homes, schools and community; and language learning and teaching. Each project is relatable directly to the theme of the conference.

Verkefni



Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir (SÍSL)

Verkefnastjórinn hefur mikla trú á gagnsemi raunprófuðu aðferðanna sem heyrir undir SÍSL verkefnið og henta einkar vel nemendum sem stunda nám í skóla án aðgreiningar. Því hefur hann á þessu ári, eins og á undanförunum árum, unnið sleitulaust að framgangi SÍSL verkefnisins. Hann skrifaði m.a. grein um stærðfræði PALS sem var birt í 25. árgangi Glæða, fagtímariti Félags íslenskra sérkennara sem kom út á árinu.

Haldin voru 22 SÍSL námskeið á árinu. Þar af voru haldin 8 námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk, 8 námskeið í 6+1 vídd ritunar, 3 námskeið í K-PALS læsi, 1 PALS stærðfræði námskeið fyrir 1. bekk, 1 PALS stærðfræði námskeið fyrir 2.-6. bekk og 1 upprifjunarnámskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk. Stærðfræðinámskeiðin voru þau fyrstu sem haldin hafa verið hér á landi. Dr. Sarah Powell kenndi á námskeiðunum, en henni til halds og trausts voru þær Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Hjaltalín, þýðendur PALS stærðfræðiefnisins.



Sarah Powell kenndi á PALS stærðfræðinámskeiðunum



Fjölmargin kennarar sóttu PALS stærðfræðinámskeiðin

Nýjustu fréttir af SÍSL verkefninu eru að verkefnastjórinn hefur reynt að fá til liðs við verkefnið einstakling sem er tilbúinn til að þýða og staðfæra PALS lestrarhandbók fyrir 1. bekk. Vonandi mun viðkomandi geta hafið þýðinguna strax í byrjun næsta árs.



Velkomin – úrræði fyrir móttöku og samskipti

Formleg útgáfa verkefnisins fór fram á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Laugavegi 77 þann 14. janúar. Fjölmargin sóttu kynninguna og er það von hópsins sem kom að gerð Velkomin verkefnisins að það breiðist hratt og vel út á meðal skólanna í landinu.



Hópurinn sem kom að Velkomin verkefninu á einn eða annan hátt

Velkomin verkefnið hlaut Evrópumerkið 2015. Evrópumerkið er viðurkenning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir nýbreytni í tungumálanámi og tungumálakennslu.

Ítarlegar upplýsingar um viðurkenninguna eru hér: <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8386>



Verkefnastjórar Velkomin taka á móti viðurkenningunni

Ítarlega umfjöllun um Velkomin verkefnið má finna á bls. 9 í ársskýrslu verkefnastjórans frá árinu 2013: [Skýrsla 2013](#).



Verkefnið *Farandkennarinn á ferð um landið* byrjaði í fyrra en lauk á þessu ári. Verkefnið gekk vel og má nálgast upplýsingar um það á bls. 7-14 í skýrslu sl. árs sem má nálgast hér: [Skýrsla 2014](#).

Afurðir verkefnisins halda áfram að nýtast verkefnastjóranum í samskiptum hans við foreldra nemenda með íslensku sem annað tungumál, skólastjórnendur og annað starfsfólk skóla vítt og breitt um landið.

Störf á vegum félaga

Verkefnastjórinn hefur verið formaður Ísbrúar, félags kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál um nokkurra ára skeið. Ísbrú hefur verið mjög virkt í að bjóða kennurum sem kenna íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum upp á hágæða sumarnámskeið og starfsdaga sem miða að því að fræða og þjálfa kennara í bestu leiðum til að kenna íslensku sem annað tungumál.

Sumarnámskeið Ísbrúar 2015



Sumarnámskeið Ísbrúar 2015 var haldið 11. ágúst. Á dagskrá var fræðsla um virkt tvítyngi og notkun snjalltækja í námi og kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Fjölmargir kennarar sóttu námskeiðið.



Verkefnastjórinn er formaður Félags kennsluráðgjafa og lagði ásamt Katrínu Andrésdóttur drög að skipulagi starfsdags félagsins sem haldinn var 13. maí á Eyrarbakka. Dagskráin var metnaðarfull og tóku 28 kennsluráðgjafar þátt í starfsdeginum.


Fjöldatölur

Á skólaárinu 2015-2016 sóttu skólar um jöfnunarframlög vegna 2.025 nemenda. Nemendurnir sem um ræðir eru ýmist innflytjendur, tvítyngdir nemendur og sumir þeirra jafnvel fæddir hér á landi og heimfluttir Íslendingar. Allir eiga þeir það sameiginlegt að þurfa stuðning í íslensku sem öðru tungumáli. Í sumum tilfellum fengu sveitarfélög ekki greidd framlög vegna nemenda og var það oft vegna ófullnægjandi skráningar upplýsinga um nemendur.

Nokkrir nemendanna sem sótt var um framlög fyrir haustið 2015, voru teknir af skrá um áramót. Helstu ástæðurnar fyrir því eru að skólarnir töldu ýmist að nemendurnir þyrftu ekki lengur á stuðningi að halda, eða þeir höfðu flutt úr sveitarfélaginu.

Skólaárið 2015-2016

Nemendurnir eru flestir í eftirtöldum sveitarfélögum



Framtíðarmarkmið

Framtíðarmarkmiðin fyrir árið 2016 eru ekki ósvipuð markmiðum ársins 2015. Verkefnastjórinn mun halda áfram að sinna verkefnastjórnun og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og þá ekki síst inni í bekk. Á vegum SÍSL verkefnisins verður kennurum áfram boðið upp á námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk, K-PALS læsi fyrir 1. bekk, 6+1 vídd ritunar, Stærðfræði PALS fyrir leikskóla og 1. bekk, Stærðfræði PALS fyrir 2.-6. bekk og Skólaorðaforða (e. academic vocabulary). Einnig verður boðið upp á upprifjunarnámskeið í PALS. Upprifjunarnámskeiðin eru ætluð kennurum sem hafa nú þegar setið námskeið í PALS lestri fyrir 2.-6. bekk, en hafa ekki lagt af stað með PALS eða vilja rifja upp það sem þeir lærðu og fá tækifæri til að verða enn betri í að kenna PALS lestur.

Verkefnastjórinn mun halda áfram að kynna skólum verkefnin *Velkomin - úrræði fyrir móttöku og samskipti*, sem Sprotasjóður styrkti árið 2012, og *Farandkennarinn á ferð um landið*.

Verkefnastjórinn stefnir að því að halda smiðjur fyrir kennara í samstarfi við nokkur sveitarfélög. Áhersla smiðjanna verður á almenna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Sérstök áhersla verður lögð á skólaorðaforða (e. academic vocabulary) og markvissa kennsluhætti sem nýtast öllum nemendum, en ekki síst þeim sem læra íslensku sem annað tungumál.

Verkefnastjórinn mun leggja drög að skipulagi starfsdags sem haldin verður næsta haust á vegum Ísbrúar, félags kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál og þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Titill starfsdagsins verður *Hvað er til? Hvar er það? Hvernig nota ég það?* Verkefnastjórinn mun sækja um styrk hjá Endurmenntunarsjóði grunnskóla á næsta ári til þess að hægt sé að fjármagna viðburðinn. Verkefnastjórinn mun einnig leggja drög að skipulagi starfsdags Félags kennsluráðgjafa, en hann er formaður félagsins.